



1. tölublað

38. árgangur

2004

Verið velkomin á 64. Vormót Hraunbúa.

Það er okkur sönn ánægja að fá ykkur á mótið í ár sem verður að vanda veglegt og með góðri dagskrá fyrir alla. Undirbúningur hófst snemma á vordögum en í undirbúningsvinnunni fyrir mótið lögðu margir hönd á plóginn. Vill vormótsnefnd þakka öllum þeim sem að undirbúningnum komu kærlega fyrir vel unnin störf.

Mótsgjaldið fyrir skáta er 2.500,-. Dróttskátar greiða 1.500,- og 1.000,- fyrir hvert tjald í fjölskyldubúðum.



Tónleikar verða á laugardagskvöldinu en gestir sem vilja koma á þá borga 500,- og er innifalið í því kakó og kex um kvöldið. Viljum við biðja alla þáttakendur um að greiða gjaldið sem allra fyrst. Hægt er að gera það á upplýsingatorginu á miðju mótssvæðinu hjá gjaldkera. Inn í gjaldinu er mótsbók, mótsmerki, mótsblaðið Labbi, dagskrá, kakó, kex og sjúkrægsla.

Ef einhver vandamál skyldu koma upp er hægt að hafa samband við mótsstjórn en hún verður með hvíta, merкта hatta á mótinu.

Með von um frábært mót og góðar stundir:

Davíð Már Bjarnason, Mótsstjóri
Birgir S. Guðmundsson, Framkvæmdastjóri

Andri Már Reynisson, Gjaldkeri
Jósef Sigurðsson, Dagskrárstjóri